



# LEIKSKÓLINN

## Áherslur í leikskólastarfi

- Setja orð á athafnir, hluti, hugsanir og tilfinningar
- Nota fjölbreyttan orðaforða
- Vera fyrirmynd í samræðum og samskiptum

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
Móttaka Brottför	<p>Lögð er áhersla á hlýleg samskipti við komu og brottför barnanna. Dagleg samskipti eru mikilvæg, að heilsa og kveðja og hafa tækifæri til að skiptast á upplýsingum varðandi barnið, foreldra og/eða starfið í leikskólanum.</p> <p>Áhersla er lögð á jákvæð samskipti í forstofu þegar börn eru að klæða sig í og úr. Nýta tækifærið til að setja orð á athafnir og hluti, svo sem fatnað og veður. Kenna hugtök, t.d. staðsetningar- og eiginleikahugtök, liti og talnagildi.</p>	<p>Börnin læra að lesa í merkingar í forstofu og á deild, svo sem nöfn barnanna við hólf þeirra, stimpilklukkur, dagskipulag, veðurkort og leiðbeiningar um klæðnað.</p> <p>Samræður við börnin efla málskilning sem er undirstaða lesskilnings.</p>	<p>Börnin taka þátt í að setja upp merkingar, svo sem upplýsingar um veður og fatnað og skilaboð til foreldra á upplýsingatöflu.</p> <p>Börnin fara yfir skipulag dagsins. Gott að hafa alltaf sýnilegt dagskipulag á deildinni fyrir börnin.</p>
Matartímar	<p>Við matarborðið gefst gott tækifæri til málörvunar þegar börn og fullorðnir spjalla saman um daginn og veginn. Börnin efla samræðufærni sína, orðaforða og tjáningu og læra kurteisvenjur sem gilda í samræðum, svo sem að hlusta á aðra og tala skýrt.</p> <p>Börnin læra hugtök tengd mat og borðhaldi. Einnig gefast tækifæri til að nota hugtök um stærð og magni sem og yfirhugtök á borð við ávexti og grænmeti.</p> <p>Börnin læra kurteisisvenjur tengdar matartímum, svo sem að bjóða til borðs, rétta matinn á milli og þakka fyrir sig.</p>	<p>Börnin læra að lesa í merkingar tengdar matartímum, svo sem matseðla og sætamerkingar.</p> <p>Merkingar á umbúðum eru nýttar til að vekja athygli barnanna á stöfum og ritmáli.</p> <p>Samræður við börnin efla málskilning sem er undirstaða lesskilnings.</p>	<p>Í matartímanum má nýta tækifæri sem gefast til að vekja athygli á formi stafa, svo sem með því að skrifa stafi með kavíar eða skera form úr brauði.</p>

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
<b>Samvera</b>	<p>Börnin læra vísur, ljóð og þulur sem efla orðaforða þeirra, málskilning og tilfinningu fyrir hrynjandi málsins.</p> <p>Börnin hlusta á sögur og taka þátt í samræðum sem efla orðaforða þeirra, málskilning og máltjáningu. Þau læra að skilja samhengi í texta, svo sem orsök og afleiðingu og hvernig textar eru byggðir upp. Þau átta sig á að frásagnir fjalla um ákveðnar persónur og hafa upphaf, atburðarás og endi.</p> <p>Unnið er markvisst með orð og hugtök, svo sem með því að útskýra orð í sögum, ljóðum og þulur.</p> <p>Börnin fá tækifæri til að koma fram og segja frá, lesa bækur eða kynna ákveðið efni fyrir öðrum.</p> <p>Samverustundir eru upplagðar til að fara í alls kyns leiki sem örva mál, tjáningu og hlustun.</p> <p>Unnið er með hljóðkerfisvitund; hlustað eftir umhverfishljóðum, unnið með rím, farið í orðaleiki og hljóðgreining æfð, auk þess sem söngur og tónlist eflir hljóðkerfisvitund.</p>	<p>Börnin læra um lestrarvenjur þegar þau hlusta á aðra lesa. Þar gefst tækifæri til að vekja athygli barnanna á lestraráttinni, orðum, stöfum og táknum. Hægt er að sýna börnunum hvernig stafir raðast saman í orð, orð í setningar og setningar í málsgreinar.</p> <p>Það er góð regla að kynna bækurnar fyrir börnunum áður en byrjað er að lesa. Oft má vekja áhuga barnanna með því að skoða kápuna á bókinni, lesa aftan á hana, segja þeim hver skrifaði bókina og teiknaði myndirnar. Ef bókin er skemmtileg og/eða myndirnar áhugaverðar má finna fleiri bækur eftir sama höfund/myndskreyti.</p> <p>Í lestrarstund gefast tækifæri til að efla hlustunar- og lesskilning barna með því að ræða um það sem lesið er, spyrja spurninga, lesa milli línanna og spá fyrir um framhaldið.</p> <p>Börnin prófa sig áfram með að lesa sjálf. Þau læra að lesa í myndir/tákn og leiklesa.</p> <p>Farið í leiki með stafi, tölur og tákni.</p>	<p>Börnin sjá hvernig fullorðnir nota ritmál, svo sem þegar skráð er á flettistöflu eða texti ritaður við myndir. Börnin átta sig á tengingu á milli ritmáls og talmáls, þ.e. að það sem er sagt má líka skrifa niður og öfugt.</p> <p>Börnin fá tækifæri til að semja sögur og ljóð og nota til þess fjölbreyttar leiðir og miðla. Þau skrá með teikningum, lettri, mynd- og/eða hljóðupptökum.</p> <p>Hægt er að leyfa börnum að koma með bækur að heiman og lesa/kynna fyrir hópnum.</p>
<b>Hvíldarstund</b>	<p>Í hvíldarstund hlusta börnin á sögu eða tónlist.</p> <p>Í hvíldarstund gefast tækifæri til samræðna og markvissrar málörvunar með eldri börnum.</p> <p>Mikið er til af áhugaverðu efni sem hægt er að nota í þessum stundum, t.d. alls kyns spil, bækur, myndir og leikir.</p>	<p>Ekkert undirbýr leikskólabörn betur undir lestrar nám en lestur. Þegar börn hlusta á sögur æfast þau í að einbeita sér, tilfinning þeirra fyrir málinu eykst, þau bæta við orðaforðann og skilningur á samfelldu máli eykst.</p> <p>Í gegnum hlustun eflist málskilningur og börnin þjálfast í að sjá fyrir sér það sem þau heyra um. Þau læra að þekkja orðaforða bókmáls og hvernig hann er ólíkur orðaforða talmáls.</p> <p>Í hvíldarstund er tilvalið að skoða bækur og lesa í myndir og letur.</p>	<p>Börnin kynnast ritmáli þegar lesið er fyrir þau.</p> <p>Börnin fá tækifæri til að túlka sögur og ljóð í teikningum eða tjáningu.</p>

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
Útivera/ vettvangsferðir	<p>Vettvangsferðir eru undirbúnar með því að tala um hvert á að fara og í hvaða tilgangi. Í ferðunum er rætt um það sem fyrir augu ber og börnunum kennd nöfn á stöðum í nágrenninu. Eftir ferðirnar er gott að gefa börnunum tækifæri til að ræða enn frekar um upplifun sína og jafnvel vinna úr henni á einhvern hátt.</p> <p>Lögð er áhersla á að setja orð á athafnir og hluti og efla þannig orðaforða barnanna.</p> <p>Í útiveru gefst tækifæri til að eiga samræður við börn um það sem þau eru að fást við hverju sinni og hvetja þau til samskipta og tjáningar.</p> <p>Í útiveru gefast mörg tækifæri til að vinna með hugtakaskilning, t.d. er hægt að vinna með staðsetningar- og eiginleikahugtök, form í umhverfinu, liti og talnagildi. Einnig er hægt að vinna með yfirhugtök.</p> <p>Í útiveru er farið í hópleiki þar sem reynir á hlustun og félagsfærni. Einnig má þjálfa hlustun með því að hlusta eftir umhverfishljóðum.</p>	<p>Í vettvangsferðum gefast tækifæri til að kenna börnum að lesa í kort og merkingar, svo sem umferðarmerkjum, götumerkingum og leiðarkerfi strætó.</p> <p>Samræður við börnin efla málskilning sem er undirstaða lesskilnings.</p> <p>Í snjalltækjum má fylgjast með því hversu langt er gengið og skoða leiðina á korti jafnóðum.</p>	<p>Ýmis tækifæri gefast til ritunar og listsköpunar úti í náttúrunni, skrifa í sand og snjó, kríta, pensla með vatni, móta stafi og myndir með steinum.</p> <p>Börnin fá tækifæri til að skrá með margvíslegum hætti upplifun sína og uppgötvanir. Svo sem með því að taka myndir, búa til myndbönd, teikna og skrifa.</p>
Sköpun	<p>Í listsköpun fá börn tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt með orðum, táknum, tónlist og hreyfingu.</p> <p>Mikilvægt er að kennarar hvetji börnin til að tjá upplifun sína, setja orð á tilfinningar, skoðanir og skynjun, hlusta á aðra og ræða um ólík sjónarhorn og skoðanir.</p> <p>Í gegnum listsköpun vinna börn oft úr reynslu sinni og því sem þau hafa upplifað.</p>	<p>Í listsköpun læra börn að lesa í eigin verk og annarra.</p> <p>Í listsköpun er tilvalið að bregða á leik með tölur, stafi og tákn. Þannig læra börnin að þekkja táknin og nýta sér þau.</p> <p>Samræður við börnin efla málskilning sem er undirstaða lesskilnings.</p>	<p>Í listsköpun læra börn að nota ritun og skráningu til að vinna úr efni og miðla til annarra, s.s. að teikna myndir úr sögu, búa til leikrit/stuttmyndir eða búa til bækur/frásagnir um ákveðið efni úr pappír eða í spjalddölvu.</p> <p>Í listsköpun gefast tækifæri til að vinna með stafi og tákn, teikna, skrifa og æfa fínhreyfingar.</p>

Dagskipulag	Talað mál og hlustun	Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun
Leikur	<p>Í leik efla börn samskiptafærni sína. Þau nota málið til að skipuleggja leikinn, setja orð á athafnir og tjá hugsun sína. Í gegnum samskipti í leik læra þau líka að komast að samkomulagi við aðra.</p> <p>Fullorðnir gegna mikilvægu hlutverki í að styðja við leik barnanna með því að veita þeim aðgang að fjölbreyttu leikefni og stíga inn í leikinn og styðja við samskipti og tjáningu barnanna.</p>	<p>Í leik æfa börn sig í því að spinna söguþráð sem veitir mikilvæga undirstöðu fyrir ritaðar frásagnir síðar.</p> <p>Leikur gefur marga möguleika á að auka orðaforðann. Börnin læra ný orð af jafnöldrum sínum og æfa sig í að nota orðaforða sinn. Í leik er farið út fyrir það sem er hér og nú sem kallar á notkun fjölbreyttari orðaforða en í daglegu tali.</p> <p>Í leik líkja börn eftir lestrarathöfnum fullorðinna. Þessir leikir hjálpa þeim að átta sig á því hvernig lestur og ritmál er notað í daglegu lífi.</p>	<p>Í leik prófa börn sig áfram með ritun. Þau teikna og skrifa og líkja eftir ritunarahöfnum fullorðinna. Mikilvægt er að veita þeim aðgang að fjölbreyttu leikefni sem hvetur til tilrauna og leikja af þessu tagi og að starfsfólk kunni að styðja við þekkingarleit þeirra.</p> <p>Gæta þarf þess að börnin hafi aðgang að efnivið sem hvetur þau til að gera tilraunir með ritun og miðlun, svo sem að hafa bækur, blöð og liti aðgengileg á leiksvæði þeirra.</p>
Hópastarf	<p>Í hópastarfi gefst gott tækifæri til samræðna og málörvunar í tengslum við þau verkefni sem unnin eru hverju sinni. Mikilvægt að hvetja börnin til að tjá sig um verkin sín.</p> <p>Börnin fræðast um ákveðin viðfangsefni með því að hlusta á innlegg frá öðrum, ræða saman um hlutina, velta fyrir sér, rökræða og skiptast á skoðunum.</p> <p>Unnið er markvisst með orðaforða og hugtakaskilning út frá þeim verkefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni.</p> <p>Mikilvægt að kenna börnunum grunninn að samræðum við aðra, t.d. að skiptast á að tala og hlusta, stilla raddstyrk, spyrja og svara spurningum.</p>	<p>Í hópastarfi kynnast börn allskonar bókum, textum og upplýsingamiðlum. Þau kynnast til dæmis skáldsögum og fræðibókum og læra að sækja upplýsingar í gegnum tölvu.</p> <p>Í hópavinnu er hægt að vinna með hjóðkerfisvitund í gegnum leik, t.d. framburð orða, takt og hrynjanda og að tengja stafi og hljóð.</p> <p>Í hópastarfi er oft unnin þemavinna. Þar skipta samræður miklu máli en þær efla málskilning sem er undirstaða lesskilnings.</p>	<p>Í hópastarfi er lögð áhersla á að börnin vinni úr þeirri upplifun og reynslu sem þau afla sér. Þau segja frá reynslu sinni og skrá með fjölbreyttum hætti, svo sem í teikningum, með ljósmyndum, myndbandsupptökum eða letri.</p> <p>Í þessu samhengi er hægt að ræða að ritun hefur ákveðinn tilgang, geymir upplýsingar og er ætluð ákveðnum lesendum.</p> <p>Mikilvægt er að vinna með ritun þar sem börnin eru stödd. Sum eru e.t.v. tilbúin til að skrifa stafi á meðan að önnur skrifa „þykjustuskript“, tjá sig með kroti eða teikningum.</p> <p>Þegar börnin eru tilbúin geta þau farið að byggja upp sjónminni á algengum orðum, t.d. á nafninu sínu.</p>